

## Hverfisráð Raufarhafnar

Fundur haldinn í Ráðhúsinu 15. október 2018 kl. 17:00

Mætt eru:

Gísli Þór Briem, Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Lukasz Koslowski og María Peters Sveinsdóttir

Gísli Þór Briem stjórnar fundi og María Peters Sveinsdóttir ritar fundargerð.

Við byrjuðum á að bjóða Lukasz Koslowski velkominn í hverfisráð.

Dagskrá fundar var að forgangsaða nauðsynlegum viðgerðum á fasteignum sveitarfélagsins á Raufarhöfn.

### Grunnskóli Raufarhafnar

1. Klæða þarf norðurhlið skólans sem fyrst.
2. Skipta þarf um glugga.

### Sundlaugarhús

1. Skipta þarf um glugga; gluggar sundlaugarhúss eru gersamlega ónýtir.
2. Endurbæta þarf loftræstibúnað í sundlaugarhúsi.
3. Lagfæra þarf lagnakerfi vegna upphitunarbúnaðs sundlaugarinnar.
4. Það þarf að mála húsið bæði að innan og utan.

### Félagsheimilið Hnitbjörg

1. Nauðsynlegt er að gera við þakið á félagsheimilinu; húsið liggar undir skemmdum.
2. Skipta þarf um glugga.
3. Það þarf að því að klæða húsið að utan sem fyrst.
4. Það bráðvantar nýtt gólfefni á eldhúsið.
5. Kvennaklösett þarfnast yfirhalningar.

### Íþróttahús

1. Endurnýja þarf ljós í íþróttasalnum. Komið er tilboð í ný Ledljós.
2. Lagfæra þarf gólfíð í salnum.

### Ráðhús Raufarhafnar

1. Endurnýja þarf þak hússins sem fyrst.

### Kirkjugarður og Höfðinn

1. Malbika þarf bílastæði við kirkjugarðinn. Hverfisráð mælir með að vegurinn verði malbikaður alla leið upp að vita, og lýsing sett meðfram veginum. Það er mikil þörf á lýsingu við kirkjugarðinn.

### Tjaldsvæði Raufarhafnar

1. Það þarf að stækka tjaldsvæðið tölувert og lagfæra flötina.
2. Stækka þarf og lagfæra núverandi þjónustuhús, eða fá nýtt.
3. Fjölgja þarf rafmagnstenglum.

Hverfisráð skorar á hafnaryfirvöld að nýr krani (á áætlun) verði kominn á bryggjuna áður en strandveiðitímabilið hefst 2019.

Hverfisráð vill vekja athygli á slæmri umgengni við tankana fyrir úrgangsolíuna. Við viljum vísa málinu til Umhverfissviðs og sjá úrbætur á þessum málum.

Hverfisráð mælir með að lýsistankarnir við Aðalbrautina verði málaðir; þannig geta þeir verið til prýði fremur en lýti á bænum.

Fundi slitið kl. 18:45



  
L. Þórssen